

Skólaráð 27. mars 2019

Mættir: Karl og Helga Dögg fulltrúar foreldra, Fannar fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Þ. og Elsa fulltrúar kennara, Aðalbjörg og Árni.

Fundur í Víkinni kl. 8:30

Fundarritari: Árni

Dagskrá:

Breytingar á skóladagatali 2018 - 2019

Hvað er á döfinni á næstunni

Skóladagatalið:

- Skólinn hefur húsnaðið í Þróttaraheimili, en þar eru nemendur í 2. og 3. bekk, til 6. júní og Stúkuna í KSÍ húsi til 31. maí. Kennarar þurfa að losa sitt dót úr Stúkunni fyrir 31. maí. Til að mæta þessum aðstæðum þarf að gera breytingar á núgildandi skóladagatali. Kynntar voru tillögur að breytingum á skóladagatali skólans 2018-2019. Vegna flutninga skólans í Laugardalinn var 18. mars, sem var nemendadagur, gerður að skipulagsdegi. Í staðinn er lagt til að skipulagsdagur 20. maí verði gerður að nemendadegi. Einnig er lagt til að þemadagar sem eru 21.-23. maí á skóladagatali verði færðir til 4.-6. júní vegna þess að Fossvogsskóli hefur ekki húsnaðið í stúkunni nema til 31. maí nk. Verið er að skoða húsnaði fyrir nemendur í 4.-6. bekk dagana 3.-6. júní. 7. bekkur er í Danmörku þessa daga. Skólaslit eru 7. júní. Skólaslitin 2018 tókust mjög vel en þá var slegið saman skólaslitum og Vorhátíð FFF. Stefnt er að því að hafa sama fyrirkomulag í ár. Nemendur komi í skólann síðdegis til skólaslita og vorhátíðar. Kanna á möguleika á að halda hátíðina í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Skólaráð samþykkti ofangreindar breytingar á skóladagatali.
- Furðufatadagur er 12. apríl. Verið er að athuga hvað á að gera þann dag.
- Hörpulokin eru í lok maí. Verið er að skoða hvernig standa skuli að þeim. Hvar á að æfa fyrir þau og hvar á að halda þau?
- Búið er að auglýsa styrki vegna þróunarverkefnis í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem ber yfirskriftina Látum draumana rætast. Skila á umsóknum fyrir 1. apríl. Í umsókn skal koma fram hvaða verkefni hver skóli ætlar að vinna að og mun Fossvogsskóli sækja um, Þróunarverkefni skólans mun snúast um áframhaldandi teymiskennslu. Lögð verður áhersla á skapandi starf, samþættingu námsgreina, heildstæð verkefni og leiðsagnarnám, Skólaráði leist vel á þetta verkefni.

Önnur mál:

- Umræður um framkvæmdir í Fossvogsskóla. Upplýst var að verktakar eru byrjaðir á austurvegg skólans. Hægt er að byrja á framkvæmdum í Vesturlandi en verið er að leita að verktökum.
- Rætt var um fræðslufundinn um rakaskemmdir og myglu í Réttó. Á fundinn mættu 36 foreldrar.
- Enn er beðið eftir skýrslu frá Verkís.
- Skólaráð vill fá skýrslu frá USK eða fá fulltrúa frá þeim á fundi skólaráðstil að greina frá framkvæmdum. Helgi Grímsson sviðsstjóri ætlar að sjá til þess að af þessu verði.
- Fulltrúar foreldra í ráðinu spurðu hvort það vantaði leikföng, spil o.s.frv. fyrir nemendur. Skólinn hefur keypt töluvert af slíku og verður keypt meir ef þörf er á. Umræður um hvernig foreldrar geti létt undir með skólanum.
- Spurt var hvernig ætti að haga fyrirspurnum foreldra til skólans, hvort það ætti að snúa sér beint til skólans eða beina spurningum til fulltrúa foreldra í skólaráði. Lögð var á það áhersla við fulltrúa foreldra í ráðinu að foreldrar beindu fyrirspurnum sínum til skólans.
- Nýjar stundatöflur taka gildi í næstu viku.
- 1. bekkur er í Útlandi. Enn stefnt er að því að hann fari í Laugardalinn þegar hentugt húsnæði finnst.
- Fulltrúi nemenda sagði að gott væri að hafa stafrófsröð í röðum þegar nemendur fara um í Stúkunni en finnst frímínútur helst til stuttar.
- Rætt um rútuferðir á morgnana frá Fossvogsskóla. Þær ganga vel en sumir nemendur eru að koma of seint í rúturnar en þær leggja af stað kl. 8:15.

Næsti fundur 10. apríl 2019